



| | |
|------------------------|---|
| Dagsetning: | 18.04.2024 |
| Staðsetning: | Flatey Pizza Grandagarði 11 |
| Mættir, (fjarstaddir): | Fyrir hönd stjórnar: Daldís Ýr Guðmundsdóttir, Kolbrún Fjóra Rúnarsdóttir, Kristín Ósk Hlynsdóttir og Sandra Karen Ragnarsdóttir. All 22 félagsmenn mættir. |
| Fundargerð ritar: | Daldís |

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Skýrsla fræðslunefndar
- Ársreikningur og árgjald ákveðið
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar
- Kosning fræðslunefndar og skoðunarmanna reikninga
- Önnur mál

Fundargerð:

1. Skýrsla stjórnar

Kristín Ósk formaður ávarpaði gesti, bauð þá velkomna og hóf fundinn.

Kristín Ósk tók að sér fundarstjórn og Daldís fundarritun.

Flutti Kristín skýrslu stjórnar skilmerkilega. Stiklað var á stóru um starf vetrarins frá síðasta aðalfundi og fjallað um ráðstefnuna sem haldin var síðastliðið haust. Þakkaði Kristín ráðstefnunefnd, fræðslunefnd og öðrum stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf.

Umræður spunnust upp um heiti félagsins, sem og fækkun nemenda í námsbrautinni. Það sem þótti hæst bera á starfsárinu var heiðursnafnbót Ásgerðar Kjartansdóttur.

2. Skýrsla fræðslunefndar

Sandra Karen Ragnarsdóttir flutti skýrslu fræðslunefndar og fór yfir fræðsluerindi vetrarins. Félagsmenn mærdðu sérstaklega erindi Sigurðar Kristinssonar um síðfræði.

3. Ársreikningur

Kolbrún Fjóra Rúnarsdóttir gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Tillaga stjórnar er að árgjald sé óbreytt. Kosið var og samþykkt einróma.

4. Lagabreytingar

Sandra Karen Ragnarsdóttir gerði grein fyrir tillögum að lagabreytingum. Allar voru þær samþykktar en orðalagsbreytingu þurfti á lið 4. um félagsfund. Tillögur stjórnar að lagabreytingum allar samþykktar.

5. Kosning stjórnar

Berglind Norðfjörð Gísladóttir bauð sig fram sem formann félagsins og hlaut einróma samþykki. Jóhann V. Gíslason var kosinn varaformaður og formaður fræðslunefndar. Aðrir kosnir í stjórn voru Kristín Ósk Hlynsdóttir, Sandra Karen Ragnarsdóttir, Daldís Ýr Guðmundsdóttir og Olga Sigurðardóttir.

Sif Sigurðardóttir og Kolbrún Fjóra Rúnarsdóttir voru kosnar í fræðslunefnd.

Skoðunarmenn reikninga Þorgerður Magnúsdóttir og Guðrún Lilja Kvaran.

Sjálfkjörið var í öll embætti því ekki bárust mótframboð.

3. Önnur mál

Óskar Þór Þráinsson vildi koma á framfæri upplifun sinni af ráðstefnu í Bandaríkjunum. Hugmynd um að halda ráðstefnu hér 2026 þegar von er á sólmyrkva. Næst á dagskrá var Pubquiz og fundi slitið.

Fundi slitið 17.36.